



Reykjavík, 11. apríl 2024

Saurbær – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa /USK24030269


Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Lúðvíks Stefánssonar, dags. 19. mars 2024, um að stofna fjarskiptalóð á lóðinni L125746.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd



Teikning með fyrirspurn

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin L1 Kjalarnes Landbúnaðarsvæði.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið

Fyrirspurn

Ósk um að stofna fjarskipta lóð fyrir nú þegar samþykktar teikningar frá 2005 og gefa út mæliblað. Mastur var reyst 2005.

Með fyrirspurn fylgja teikningar samþykktar af byggingafulltrúa Reykjavíkur árið 2005. Á teikningum eru tilgreind lóðamörk. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að stofnuð verði lóð og útbúið mæliblað samkvæmt samþykktum teikningum frá 2005.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda

Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri